

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 20. ágúst 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Brynhildur Þórarinsdóttir. Þröstur Helgason var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Málrættarþing 2019, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 6/2019, 2. lið. Rætt var áfram um málrættarþing sem haldið verður 26. september í fundarsal Þjóðminjasafnsins. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Lars Trap-Jensen, Steinþór Steingrímsson, Steinunn Stefánsdóttir, Laufey Leifsdóttir og Guðrún Nordal halda erindi á málrættarþinginu. Yfirskrift málrættarþingsins er Hjálpartæki íslenskunnar og fjalla erindin um rafræn gögn um íslenskt mál opin almenningi.

### 2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu, framhaldsumræður

Sjá fg. stj. ÍM 6/2019, 4. lið. Farið var yfir drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2019.

### 3. Viðurkenningar

Sjá fg. stj. ÍM 6/2019, 3. lið. Ákveðið var hverjir skuli hljóta viðurkenningu ÍM árið 2019.

### 4. Heimasíða Íslenskrar málnefndar

Rætt var um heimasíðu Íslenskrar málnefndar og að þörf væri á því að endurskoða hana.

### 5. Önnur mál

#### a. Fundur í fullskipaðri málnefnd

Fundur í fullskipaðri málnefnd er áætlaður 23. október.

#### b. Tungumálayfirlýsingin

Sjá fg. stj. ÍM 6/2019, 5. lið. Rætt var um Tungumálayfirlýsinguna (Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda) sem stendur til að endurskoða án samráðs við norrænu málnefndirnar.

(<https://www.norden.org/is/declaration/tungumalayfirlýsingin>)

#### c. Ræður ráðherra á ensku

Bent var á að á heimasíðum ráðuneyta eru birtar ræður ráðherra á ensku án íslenskrar þýðingar.

Fundi lauk kl. 15.15.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.